



Minjastofnun
Íslands

Samningur um styrk úr húsafriðunarsjóði

Minjastofnun Íslands, kt. 440113-0280, hér eftir nefnd styrkveitandi, og **Strandabyggð, kt. 570806-0410**, hér eftir nefnt styrkþegi gera með sér eftirfarandi samning um styrkveitingu úr húsafriðunarsjóði árið 2021.

1. gr.

Markmið

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar er markmið og hlutverk húsafriðunarsjóðs að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Í því skyni veitir sjóðurinn styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Jafnframt er sjóðnum heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber einnig að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknnum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja og miðlun upplýsinga úr þeim.

Um úthlutun og greiðslufyrirkomulag styrks gilda ákvæði samnings þessa, sbr. 5. gr. reglna nr. 577/2016 um úthlutun úr húsafriðunarsjóði, sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig að hlíta.

Umsókn styrkþega og fylgiskjöl, sem uppfylla auglýst skilyrði fyrir styrkveitingum, og reglur um úthlutanir styrkja úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016 teljast hluti af samningi þessum. Öll styrkt verkefni um gerð tillagna um verndarsvæði í byggð skal vinna í samræmi við leiðbeiningar birtar í leiðbeiningariti Minjastofnunar Íslands: *Leiðbeiningar 3. Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð (2017)*, sem er að finna á vefsíðu Minjastofnunar, sjá: [www. http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/leidbeiningar/](http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/leidbeiningar/).

2. gr.

Fjárhæð styrks

Styrkveitandi hefur ákveðið, sbr. 2. gr. reglna nr. 577/2016, að veita styrkþega styrk úr húsafriðunarsjóði. Styrkurinn er veittur til verkefnisins **Verndarsvæði í byggð – Hólmavík, verslunarstað við Steingrímsfjörð**, sbr. umsókn styrkþega númer 2021-6147.

Fjárhæð styrksins nemur **kr. 8.085.000** auk möguleika á 15% viðbótum vegna ófyrirséðs kostnaðar kr. 1.212.750, **samtals kr. 9.297.750**. Styrkurinn greiðist inn á reikning á kennitölu styrkþega númer **1161-26-1**, eftir því sem nánar greinir í samningi þessum.

Minjastofnun hefur lagt mat á hvaða verkþáttum þarf að ljúka vegna gerðar umræddrar tillögu að verndarsvæði í byggð og leggur til að styrknum verði skipt þannig:

Húsakönnun	kr. 3.300.000
Gagnaöflun, vinnsla korta og ljósmynda, vettvangsskráning og skýrslugerð. Uppfæra þarf húsakönnun sem gerð var árið 2000 samkvæmt núgildandi leiðbeiningum <u>M.I.</u>	
Fornleifaskráning	kr. 500.000
Gagnaöflun, vinnsla korta og ljósmynda, vettvangsskráning og skýrslugerð. Uppfæra þarf eldri skráningu skv. stöðlum <u>M.I.</u>	
Greinargerð með mati á varðveislugildi	kr. 3.300.000
Samráð við íbúa	kr. 785.000
Annað þ.m.t. ferðakostnaður	kr. 200.000
Samtals	<u>kr. 8.085.000</u>
Ófyrirséð 15%	kr. 1.212.750
Verður greitt út í lok verkefnis í samræmi við uppgjör, verði sýnt fram á að kostnaður hafi farið fram úr ofangreindri áætlun um kostnað við einstaka verkþætti.	
Samtals alls	<u>kr. 9.297.750</u>

Telji styrkþegi nauðsynlegt að færa hluta af áætluðum kostnaði á milli einstakra verkþátta skal leita fyrirfram samþykkis Minjastofnunar. **Kostnaður við verkefnið skal færður sérstaklega í bókhaldi styrkþega. Yfirlit yfir kostnað við verkefnið úr bókhaldi ásamt afritum af reikningum skal sent til styrkveitanda við lok verkefnisins.**

3. gr.
Framkvæmd

Styrkurinn er veittur til verkefnisins **Verndarsvæði í byggð – Hólmavík, verslunarstað við Steingrímsfjörð**, sbr. umsókn styrkþega númer 2021-6147. Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna eða verkþátta en getið er um í umsókn og samningi þessum án skriflegs samþykkis Minjastofnunar Íslands.

Áður en framkvæmd er hafin er haldinn upphafsfundur og þar skal styrkþegi leita samráðs og samþykkis styrkveitanda á tilhögun verksins í samræmi við leiðbeiningarit Minjastofnunar. Styrkþegi skal leggja fram endurskoðaða verkáætlun með greinargerð um hverjir vinna einstaka verkþætti ásamt ferliskrá þeirra.

Minjastofnun áskilur sér rétt til að óska eftir skriflegum upplýsingum um framgang verkefnisins hvenær sem er á verktímanum.

Styrkþegi skal vinna verkið í samræmi við verkáætlun sem samþykkt er af styrkveitanda. Styrkþegi skal leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda fyrir frávikum. Styrkur greiðist aðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur styrkveitanda. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmyndar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

4. gr.
Greiðsla styrks og greiðslufyrirkomulag

Styrkurinn sem samningur þessi nær til er til verkefnis sem unnið skal á árinu 2021 og er frestur til að nýta styrkurinn til 31.12.2021.

Styrkurinn greiðist út í tvennu lagi með eftirfarandi hætti:

1) Fimmtíu prósent styrkfjárhæðar án liðarins ófyrirséð greiðast þegar verkefni hefur sannanlega hafist að mati styrkveitanda.

2) Fimmtíu prósent styrkfjárhæðar greiðast eftir lok verks, þegar fullnægjandi gögnum um lok verkefnisins, að mati styrkveitanda, hafa borist styrkveitanda.

Styrkþega ber að skila til styrkveitanda við lok verkefnisins fullunninni tillögu að verndarsvæði í byggð, gögnum sem tilheyra fornleifaskráningu og húsakönnun, í samræmi við *Leiðbeiningar 3. Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð (2017)*, ásamt sundurliðun á kostnaði við verkefnið og afritum af kostnaðarreikningum innan tveggja mánaða frá lokum verkefnisins eða eigi síðar en 28. febrúar 2022. Greiðsla síðari hluta styrksins, sbr. liður 2), fer fram þegar fullnægjandi gögn, að mati styrkveitanda, hafa borist.

Hafi gögn um að verkefni sé lokið ekki borist fyrir tilsettan tíma, sbr. framangreint, án fullnægjandi skýringa að mati styrkveitanda, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefjast fullrar endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt. Heimilt er vegna sérstakra aðstæðna að veita frest til að ljúka verkefni til ársloka 2022. Styrkþegi skal senda skriflega beiðni um frest, ásamt rökstuðningi fyrir frestsbeiðni, til Minjastofnunar fyrir árslok 2021.

5. gr.
Eftirlit

Styrkveitandi hefur eftirlit með að styrkt verkefni sé unnin í samræmi við innsenda umsókn, endurskoðaða verkáætlun og leiðbeiningar Minjastofnunar. Styrkveitandi (eða fulltrúi hans) skal í því skyni eiga greiðan aðgang að hvers kyns gögnum og upplýsingum frá styrkþega sem þykja nauðsynleg vegna eftirlitsins.

6. gr.
Vanefndir

Brjótí styrkþegi gegn ákvæðum samnings þessa og/eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði, sbr. reglur nr. 577/2014, er styrkveitanda heimilt að stöðva greiðslur til styrkþega samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er styrkveitanda heimilt að krefja styrkþega um fulla endurgreiðslu á því sem þegar hefur verið greitt.

Brot á samningnum eða öðrum skilmálum styrkveitingar getur haft áhrif á möguleika styrkþega til frekari styrkveitinga úr húsafriðunarsjóði.

7. gr.
Lögsaga og undirritun

Um samning þennan gilda íslensk lög. Mál er kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestingar á öllu framangreindu undirrita báðir samningsaðilar samning þennan. Fulltrúi styrkþega staðfestir með undirritun sinni að hann hafi heimildir lögum samkvæmt til undirritunar fyrir hönd styrkþega.

Reykjavík, 16. mars 2021.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Esther Anna Jóhannsdóttir

(Nafn og kt. þess sem undirritar f.h. styrkþega)